

Ed. 661. Frumvarp til laga [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 54 frá 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) ekki meðlag innan eins mánaðar frá því meðlagskrafa féll í gjalddaga samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarbréfs og skal hann þá greiða dráttarvexti af því, sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 frá 6. apríl 1971, er stofnuninni heimilt, þegar vanskil verða á meðlagsgreiðslum, að reikna og innheimta 7% vexti, þ.e. ársvexti af vanskilum frá gjalddaga til greiðsludags. Vegna verðbólgu undanfarinna ára, upptöku verðtryggingarákvæða og breytinga á vaxtakjörum er þetta ákvæði orðið gjörsamlega úrelt.

Samkvæmt frv. er skylt að greiða dráttarvexti af gjaldföllum meðlagskröfum, og skulu dráttarvextir reiknaðir með sama hætti og hjá innlánsstofnunum, bönkum og sparisjóðum.